

Tillaga að reglugerð BÍS um skátabúninginn.

Gerð 2022-01-06 til að taka við af reglugerð BÍS um einkennismerki skáta, 1997

A. Skátabúningurinn

Fullur skátabúningurinn er skilgreindur sem skátaklútur ásamt viðeigandi flík sem klædd er um búk, svo sem bolur, peysa, skyrtu, kjóll, jakki, úlpa o.s.fr. og er greinilega skátaflík. Skátaflíkin skal ekki vera skátabúningur annars lands.

Skátabúningur er skilgreindur sem skátaklútur

B. Hátíðarbúningur

Á hátíðardögum skal klæðast hátíðarbúningur sem er alveg eins og fullur skátabúningur nema þá er borinn hátíðarklútur í stað annars skátaklúts.

C. Utanferðabúningur

Utanferðabúningur er hátíðarbúningur ásamt að minnsta kosti einni flík sem er einkenni fararhópsins. Einkenni getur komið í staðinn fyrir skátaflík (ekki klút) en þarf að vera þannig að það sé auðvelt að sjá það úr þó nokkurri fjarlægð að skáti sé klæddur einkenni fararhópsins. Einkenni getur verið samsett úr fleiri en einum hlut.

Merki

Skátamerki eru skátar hvattir til að sauma í skátabúninginn sinn

----- Tillaga að reglugerð lýkur -----

Röksemdarfærsla:

Vandamálin / hvatinn:

Eins og stendur er reglugerðin um skátabúninginn úrelt, það er talað um vörðukerfið í henni, og flókin.

Fyrir nokkrum árum fór af stað hópur með það verkefni að gera nýjan skátabúning því að fyrirtækið sem sá um að framleiða skyrturnar fyrir okkur fór á hausinn (eða eitthvað, þekki söguna ekki alveg, langt síðan). Það var lokað á þennan hóp skilst mér af þáverandi stjórn, skiptir svo sem engu, það varð allavega ekki til nýr skátabúningur heldur fengum við bara annan framleiðanda á svipuðum skyrtum og erum með þær núna.

Vegna þess að vinnuhópurinn fór af stað byrjuðu margir skátar að hvetja til þess að fólk myndi bíða með það að fá sér skátabúning því það “er alveg að koma nýr”.... Það var fyrir 5 árum eða eitthvað, við þurfum að gera eitthvað.

Í dag eru til rekkaskátar sem mættu á seinustu forsetamerkisafhendingu og voru í lánskyrtum af því að frá því þau voru í **fálkaskátum** hefur fólk sagt þeim að “bíða með það að kaupa sér skátabúning því það er alveg að koma nýr”.

Forsendurnar:

Eins og ég skil þetta er skátabúningurinn til þess gerður að uppfylla þrenna grunntilganga og nokkrar aðrar forsendur fylgja sem eiga að takast á við vandamál sem eiga nákvæmlega við skátabúninginn eins og hann er í dag. Fann þetta út með því að hugsa í smá og spyrja svona 10 handahófskennda skáta og hlusta á aðrar samræður.

- Einkenni
 - Skátar eiga að skera sig úr hópnum svo samfélagið sjái þegar einhver er að gera eitthvað geðveikt nett að það sé sko skáti sem er að þessu. Svipað og þegar maður sér boltaíþrótt þá sér maður hverjir eru í fótbolta og hverjir eru í körfubolta / handbolta / kúluvarpi / hafnabolta á klæðnaðinum og tólunum (hvernig bolti, kylfur, legghlífar o.s.fr.), það er einkennandi.
- Jöfnuður
 - Skátar í skátastarfi eiga ekki að upplifa sig betri eða verri en aðra skáta vegna þess hvernig þau eru klædd. T.d. ef Ásdís mætir í einhverjum lörfum og Tommi mætir með kúluhatt og í jakkafötum þá gæti Tommi farið að stríða Ásdísi um að hún sé fátæk en ef þau mæta bæði eins klædd þá skiptir efnahagslegur bakgrunnur engu máli.
- Saman
 - Skátar eiga að upplifa það að þeir tilheyri í skátastarfi, enda eru skátarnir umkringdir skátasystkinum sínum í starfinu og hugsunin er að allir sem séu með skátabúning muni upplifa sterkari samtakatengingu.
- Snið
 - Þessi forsenda er ekki almenn forsenda eins og hinar heldur sérstaklega beind að gamla skátabúningnum.
 - Fólk kemur í öllum stærðum og gerðum og því er orðið vandamál að skátar sem eru ekki í hinum algengustu líkamslögunum (s.s. þannig að skyrturarnar sem framleiðandinn framleiðir passi) geta ekki fundið skátabúning sem passaði þeim
- Stíll
 - Þessi forsenda er ekki almenn forsenda eins og hinar heldur sérstaklega beind að gamla skátabúningnum.
 - Það eru til skátar sem finnst skátabúningurinn ljótur eins og hann er í dag.
 - Já, það er aldrei hægt að gera búning sem öllum finnst flottur
 - Þetta er nógu mikið af fólki til að ég hafi tekið eftir þessu
 - Það eru til skátar sem vilja blæbrigði af skátabúningnum
 - Skátapils
 - Skátaullarpeysa
 - Skátakjól
 - Skátaregnjakki
 - O.fl.?

Hvernig þessi tillaga uppfyllir hverja forsendu

- Einkenni
 - Vegna þess að skátarnir munu alltaf vera með klútinn lágmark þá mun samfélagið alltaf sjá að þarna sé skáti á ferð þó að skátarnir séu í ólíkum klæðnaði að öllu leyti (meira að segja mislitaða klúta). Vitum þetta fyrir víst því að samfélagið þekkir

fótboltamann sem fótboltamann hvort sem hann er merktur KR eða Stjórnunni svo þetta gengur líka ef að skátarnir eru í félagsspeysum t.d.

- Jöfnuður
 - Án þess að gera lítið úr þessari forsendu þá held ég að rétta leiðin til að takast á við stríðni vegna mismunandi efnahagslegs bakgrunns sé ekki að fela efnahagslega bakgrunninn með því að klæða alla í eins klæðnað heldur frekar að foringjar þurfi að taka eftir því að verið sé að stríða eða fara illa með einhvern vegna mismunandi efnahagslegs bakgrunns og þá sé hægt að taka umræðu með skátunum og hægt er að kenna þeim að það eigi ekki að mismuna fólki hvort sem efnahagslegur bakgrunnur þeirra sé ólíkur eða ekki.
- Saman
 - Klúturinn einn og sér gæti verið nóg fyrir til að uppfylla þetta hlutverk en ég held að með því að t.d. hvetja félög til að búa til félagsflíkur sem eða hvetja skátana til að búa til sinn eigin skátabúning með því að finna til flík heima eða kaupa skyrta í skátamiðstöðinni og sauma merki í og jafnvel sauma eitthvað annað sem þeim finnst nett eins og svona axlarflipa og hengja eitthvað nett sem þau bjuggu til einu sinni á fundi á flíkina og gera hana að sinni. Það að vita það að þú lagðir vinnu í að gera þína skátaflík að þinni eins og allir aðrir sem þú sérð í sinni skátaflík held ég að muni dýpka samkenndartilfinninguna eitthvað.
 - Verður líka nett að sjá flotta búninga sem fólk hefur gert sér og peppast.
- Snið
 - Með því að gefa hverjum skáta það hlutverk að finna flíkina sem hentar þeim þá munu þau velja flík sem er í sniði sem hentar og þetta vandamál er úr sögunni því við þurfum ekki að skaffa sniðið, það þarf bara að vera til. Vona ég, ég þekki þetta vandamál ekki nógu ítarlega til að vera viss og ef einhver veit betur má endilega benda á það.
- Stíll
 - Tillagan uppfyllir forsenduna á sama mát og hún uppfyllir snið forsenduna.
 - Með því að gefa hverjum skáta það hlutverk að finna flíkina sem hentar þeim þá munu þau velja flík sem þeim finnst flott og eru af því blæbrigði sem þau vilja.

Auka röksemdir Huldars:

Þægindi:

Ég trúi því að fólk eigi að klæðast þeim fötum sem fólki líður best í hvort sem það eru fötin sem þeim finnst þægilegust eða föt sem þeim finnst flottust eða fötin sem eru í einhverjum ákveðnum lit af því það er þriðjudagur. Það skiptir engu máli, svo lengi sem fólki líður sem best í fötunum því ef fólk líður vel í fötunum munu þau eiga auðveldara með að gera allt annað. Böggar mig t.d. svakalega þegar ég er að hjóla og er í einhverjum buxum sem eru að erta mig á einhverjum óþægilegum stað eða ef ég er í búkflík sem heftir hreyfingu handleggjanna minna fram að stýrinu svo ég vil vera í fötum sem henta því ef ég þarf að hjóla eitthvert.

Myndi taka þetta það langt að mér finnst það í lagi að lögfræðingur mæti í blautbúning fyrir dómstól af því að þannig líður honum best og ef honum líður sem best þá mun hann eiga auðveldara með að verja skjólstæðing sinn.

Veit það eru til undantekningar einsog læknir í skurðaðgerð ætti kannski ekki að vera með armband með göddum á og einhver sem vinnur á verkstæði ætti ekki að vera í sandölum þó að þeim finnist það þægilegt því þar er það öryggisspursmál og öryggi trompar þægindi.

En þetta er auka ástæða fyrir því að leyfa fólki að velja sinn eigin klæðnað.

Einfaldleiki:

Reglugerðin sem er núna er mega flókin og þessi tillaga er miklu einfaldari sem þýðir auðveldara að skilja, auðveldara að muna (veit um eina manneskju sem man allar reglurnar um hvar hvaða merki mega vera og hvenær og það er Atli Bach.) og af því þetta er svona grunnuppsetning þá held ég að þetta sé frekar framtíðarskotheild reglugerðartillaga.

Fjárhagsleg skuldbinding:

Fjárhagsleg skuldbinding BÍS vegna innleiðingar á þessari reglugerð er engin. Svo ég viti til mun þetta kosta okkur 0 kr. að framkvæma.

Athugasemdir:

1. Það gæti verið að það þurfi að bæta í reglugerðina um utanferðir að í utanferðum skuli skátar klæðast utanferðabúning á viðeigandi tímum. Legg líka til tillögu fyrir því en tek það bara fram hér.
2. Það gæti verið sniðugt að bæta við í tillöguna að nokkur merki ættu að lágmarki að vera í fulla skátabúningnum og/eða í hátíðarbúningnum. T.d. eitt eða fleiri af eftirfarandi:
 - a. [Ofið BÍS merki](#)
 - b. [Ofið alþjóðamerki](#)
 - c. [Ílangt fána merki \(Iceland\)](#)
 - d. Fleiri? Annað?
3. Það gæti verið vilji fyrir því að halda þessu með svörtu buxurnar og svörtu skónna allavega fyrir hátíðarbúninginn og mér er sama hvort það sé með eða ekki en ef ykkur finnst það nauðsynlegt þá myndi ég vilja hafa það þannig að það væri orðað sem svo að hluti af hátíðarbúningnum væri að fótleggjaflíkur (veit ekki yfirheitið fyrir pils, buxur, kjóla o.s.fr. er) ættu að vera eins dökkar og snyrtilegar og hægt er og skór sömuleiðis.
 - a. Tek samt fram að mér finnst þetta ekki þjóna neinum tilgangi nema að gera fólk "fínna" á hátíðardögum
 - b. Tek líka fram að þetta mun ýta undir að foreldrar eins og foreldrar mínir munu láta krakkana sína fara í einhverjar buxur sem eru ekki nógu hlýjar fyrir daginn og fólk kvartar oft yfir því að það sé kalt að klæðast skátabúningnum og hann sé ópraktískur og þess vegna sé hann ekki notaður. Eins varðandi skónna, foreldrar munu setja krakkana í fínu, flottu, svörtu skónna sem eru algjör hörmung að ganga í skrúðgöngu í og enginn horfir á fæturna á fólki hvort eður. Betra finnst mér ef fólk er bara í þægilegum skóm sem er gott að ganga í skrúðgöngu.
4. Utanferðarbúningur. Sumir hópar gætu fundið fyrir þrýsting til að búa til utanferðarbúning fyrir mjög litla hópa (kannski tveir róverskátar) svo það gæti verið nauðsynlegt að bæta við að það þurfi ekki að gera búning ef farið er í fararhóp þar sem enginn yngri en 18 ára er með í för og hópurinn er smár. Eða hægt að segja að ef lítill hópur af skátum sem eru sjálfráða þá er hægt að nota hátíðarbúning í stað utanferðarbúnings.

- Huldar, 2022-01-08 14:26